

Alþingi
Erindi nr. P 140/1745-
komudagur 16.4.2012



Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-12
150 Reykjavík

Reykjavík 16. apríl 2012

Efni: Umsögn Öryrkjabandalags Íslands um tillögu til þingsályktunar um beina þátttöku sveitarfélaga og starfsmanna heilbrigðisstofnana í skipulagningu og stjórnun heilbrigðisþjónustu í heimabyggð. Þingskjal 120 – 120. mál.

Öryrkjabandalag Íslands (ÖBÍ) styður tillögu til þingsályktunar um beina þátttöku sveitarfélaga og starfsmanna heilbrigðisstofnana í skipulagningu og stjórnun heilbrigðisþjónustu. Markmið tillögunar er að auka íbúa- og atvinnulýðræði og að sjónarmið og óskir heimamanna og starfsmanna heilbrigðisstofnana ráði meiru en nú er þegar heilbrigðisþjónusta er skipulögð og þjónustu forgangsraðað. Með tillögunni ályktar alþingi að fela velferðarráðherra að undirbúa og leggja fram á næsta þingi lagafrumvarp þess efnis að fulltrúar sveitarstjórna og starfsmenn heilbrigðisstofnana komi með beinum hætti að skipulagningu þjónustu við viðkomandi heilbrigðisstofnun með skipan stjórnar sem hefði það hlutverk að hafa eftirlit með rekstri heilbrigðisstofnana og vera ráðgefandi varðandi skipulag og þjónustu stofnunarinnar. ÖBÍ varar við að framkvæmd þjónustunnar og eftirlit sé á einni hendi, nema að eingöngu sé um innra eftirlit að ræða. Það telur heillavænlegra að ytra eftirlit sé í höndum ríkisins til að tryggja réttindi notenda þjónustunnar.

Til að tryggja íbúalýðræði og að sjónarmið og óskir heimamanna komi fram telur ÖBÍ nauðsynlegt að fulltrúi fatlaðs fólks komi að skipulagi þjónustu heilbrigðisstofnana og bendir í því sambandi á O lið í formála samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks þar sem stendur að „fatlað fólk ætti að eiga kost á því að eiga virka aðild að ákvarðanatöku um stefnumið og áætlanir, m.a. ákvarðanatöku sem varðar það með beinum hætti“. Einnig má í þessu sambandi benda til 3. liðar 4. greinar samningsins þar sem fram kemur að tryggja eigi þátttöku fatlaðs fólks við ákvarðanatöku um málefni þess. Enn fremur vill ÖBÍ vekja athygli á að í tillögu til þingsályktunar um framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks til ársins 2014 sem lögð hefur verið fyrir Alþingi kemur fram í markmiðum liðar D um heilbrigði að efla eigi heilsugæslu sem grunnheilbrigðisþjónustu til að mæta þörfum fatlaðs fólks. Hér kemur fram að bæta eigi og hlúa sérstaklega að þessum hópi innan veggja


Við stöndum fyrir réttlæti – Ekkert um okkur án okkar!

heilsugæslunnar. Í ljósi þessa telur ÖBÍ nauðsynlegt að fulltrúi notenda þessa hóps
taki þátt í skipulagi þjónustunnar.

Öryrkjabandalag Íslands vonar að jákvætt verði tekið í ofangreindar ábendingar þess.

Virðingarfyllt

f.h. Öryrkjabandalags Íslands



Guðmundur Magnússon, formaður ÖBÍ